

Annar fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis árið 2013 var haldinn mánudaginn 25. mars 2013 í fundarherbergi á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 16:30.

Fundinn sátu: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Hugrún Þorgeirsdóttir, Magnús Dalberg, Leifur Guðjónsson, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla- og hollustuhátta og mengunarvarna.

- a. G. Olga Einarsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir hársnyrtistofu að Stórakrika 48 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu með starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi til 12 ára dagsett 8. mars 2013.
„Staðfest“
- b. Sigrún Magnúsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir heimagistingu að Jónstótt í Mosfellsdal. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu með starfsleyfisskilyrðum fyrir heimagistingum til 12 ára dagsett 8. mars 2013.
„Staðfest“
- c. Ágústa Guðmundsdóttir sækir um starfsleyfi vegna eigendaskipta fyrir rekstri veitingastofu hjá Golfklúbbinum Kili á Hlíðarvelli í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með tilvísun til matvælalaga, enda verði innra eftirliti komið á.“
- d. Reynir Finnbogason sækir um starfsleyfi fyrir Magamál ehf. matsölu að Þverholti 2 Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með tilvísun til matvælalaga, enda verði innra eftirliti komið á.“
- e. Sigurjón Bjarnason sækir um starfsleyfi vegna breytinga á húsnæði fyrir Olúverslun Íslands hf. rekstri eldsneytisafgreiðslustöðvar með sölu veitinga og verslun.
„Samþykkt til 12 ára með tilvísun til matvælalaga, enda verði innra eftirliti komið á.“

Umsóknir um starfsleyfi á sviði mengunarvarna

- f. Þórunn Þórarinsdóttir sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir dýralæknastofu að Þverholti 2 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum.“

2. Umsagnir

- a. Íþróttamiðstöðin Varmár, Mosfellsbæ, tækifærisleyfi.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 9.01.2013, þar sem óskað er umsagnar um umsókn um tímabundið áfengisveitingaleyfi fyrir þorablóti handknattleiksdeildar Aftureldingar kt. 580785-0189, í Íþróttamiðstöðinni að Varmá þann 26. janúar s.l. Gestafjöldi 560 manns.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 14. janúar.
„Umsögn staðfest.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

b. Hjalli Kjós – samkomusalur, rekstrarleyfi.

Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 24. janúar 2013 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki I á bænum Hjalla í Kjósarhreppi, rekstraraðili Ferðaþjónustan Hjalla ehf. kt. 420506-2560. Tegund staðar er samkomusalur.

Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 19. febrúar.

„*Umsögn staðfest.*“

c. Hlíðarvöllur Mosfellsbæ – veitingastofa, rekstrarleyfi.

Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 8. febrúar 2013 þar sem óskað var umsagnar um umsókn Ágústu Halldóru Pálsdóttur kt. 120366-3279, fyrir rekstri veitingastaðar í flokki II, tegund veitingastofa og greiðasala, að Hlíðarvelli (Golfklúbburinn Kjölur) í Mosfellsbæ.

Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 19. febrúar.

„*Umsögn staðfest.*“

d. Jónstótt, Mosfellsdal, Mosfellsbæ – heimagisting, rekstrarleyfi.

Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 31. október 2012 þar sem óskað var umsagnar um umsókn Sigrúnar Símons Magnúsdóttur, kt. 140241-4909, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki I, tegund heimagisting, að Jónstótt í Mosfellsbæ.

Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 1. mars.

„*Umsögn staðfest.*“

e. Háholti 14, Mosfellsbæ – veitingastofa, rekstrarleyfi.

Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 20. febrúar 2013 þar sem óskað var umsagnar um umsókn Pizza Pizza ehf. kt. 480293-2669, um nýtt rekstrarleyfi fyrir Dominos, veitingastað í flokki I, tegund veitingastofa og greiðasala að Háholti 14 í Mosfellsbæ.

Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 1. mars með athugasemd við tegund veitingastaðar. Mælt með veitingaverslun fremur en veitingastofu.

„*Umsögn staðfest.*“

f. Þverholti 2, Mosfellsbæ – veitingahús, rekstrarleyfi.

Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 26. febrúar 2013 þar sem óskað var umsagnar um umsókn Magamál ehf. kt. 550213-0360, um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki I, tegund veitingahús að Þverholti 2 í Mosfellsbæ.

Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 4. mars með athugasemd við tegund veitingastaðar. Mælt með veitingastofa fremur en veitingahús.

„*Umsögn staðfest.*“

3. Rafrænt eftirlit

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis hefur tekið í notkun Ipada í eftirliti og nú fer allt eftirlit fram rafrænt. Málið var kynnt.

4. Ársreikningur fyrir árið 2012

Ársreikningurinn var lagður fram til skoðunar og verður tekin fyrir á næsta fundi nefndarinnar.

5. Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Kynnt voru drög að nýrri gjaldskrá. Heilbrigðisnefnd samþykkir gjaldskrána en framkvæmdastjóra falið að samræma texta í 4. og 5. grein.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

6. Fundir og ráðstefnur

- a. Framkvæmdastjóri greindi frá ráðstefnu sem hann sótti í Pärnu í Eistlandi þann 14-15. mars sl. í boði EFTA.
- b. Starfsmenn heilbrigðiseftirlits sóttu ráðstefnu um mengun i vatni sem haldinn var í Nauthól þann 22. mars 2013.
- c. Lögð var fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða frá 16. janúar 2013.

7. Önnur mál.

- a. Endurskoðun Aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011-2030.
Aðalskipulagið er nú í kynningarferli og má nálgast gögn á heimsíðu Mosfellsbæjar.
- b. Lagt fram erindi atvinnuveganefndar Alþingis frá 14. mars 2013, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir á auðlindum í jörðu (samræming reglna um vatnsréttindi), 634. mál.

Fundi var slitið kl. 18:10.